

Stefna og framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndarþjónustu í Vestmannaeyjum 2023-2027



Vestmannaeyjar, maí 2023

Stefna og framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndarþjónustu í Vestmannaeyjum 2023-2027.

Stefnumörkun þessi og framkvæmdaáætlun er unnin af starfshópi á vegum fjölskyldu- og tómstundaráðs Vestmannaeyja og er gerð með vísan til 9. gr. Barnaverndarlaga nr. 80/2002 en þar segir: *“Sveitarstjórnir skulu marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Framkvæmdaáætlun sveitarfélags í barnaverndarmálum skal send félagsmálaráðuneyti og Barnaverndarstofu.”*

Þann 1.janúar 2022 tóku í gildi umfangsmiklar breytingar á barnaverndarlögunum. Miðað er við lágmarksíbúafjölda á barnaverndarþjónustur en Vestmannaeyjabær fékk undanþágu á því sökum landfræðilegrar sérstöðu og rekur því sína eigin barnaverndarþjónustu.

Framkvæmdastjórn Barnaverndarþjónustu Vestmannaeyjabæjar er skipuð af framkvæmdastjóra fjölskyldu- og fræðslusviðs og deildarstjóra velferðarþjónustu.

Barnaverndarþjónustan hefur yfir að ráða um átta ráðgjafa með menntun á sviði félagsráðgjafar, félagsfræði, sálfræði, uppeldis og menntunarfræði auk þjónustu lögfræðinga. Vestmannaeyjabær tilheyrir Umdæmisráði landsbyggðarinnar sem er rekið saman með 46 öðrum sveitarfélögum, í því eru þrír starfsmenn þar sem lögfræðimenntaður einstaklingur er formaður ráðsins og með honum er sálfræðingur og félagsráðgjafi. Allir starfsmenn ráðsins búa yfir mikilli þekkingu og reynslu af barnaverndarstarfi.

Áætlun þessi er lögð fyrir Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja sem fer með umboð barnaverndarþjónustu, til umfjöllunar og þaðan fyrir bæjarstjórn Vestmannaeyja til samþykktar og öðlast gildi við staðfestingu bæjarstjórnar.

Núverandi kjörtímabil er til 2026 og gildir áætlunin út kjörtímabilið.

Markmið

Vestmannaeyjabær leggur áherslu á að vera fjölskylduvænt sveitarfélag sem þroskar og nærir hæfileika allra í gegnum öflugt skóla-, íþrótt- og tómstundastarf. Stuðla ber að því að börn í Vestmannaeyjum búi við viðunandi uppeldisaðstæður þar sem þau njóti virðingar, umhyggju og velfarnaðar þeirra sé gætt í hvívetna. Þá skal þess gætt að ákvæði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna séu höfð að leiðarljósi í barnaverndarstarfi. Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem samþykktur var 1989 en öðlaðist gildi hérlandis

1992, er fjallað um réttindi barna til sérstakrar verndar og umönnunar þar sem þau hafa ekki tekið út líkamlegan og andlegan þroska. Þar segir að “veita beri fjölskyldunni, sem grundvallareiningu samfélagsins og hinu eðlilega umhverfi til vaxtar og velfarnaðar allra meðlima sinna, en sérstaklega þó barna, nauðsynlega vernd og aðstoð til að sinna til hlítar þeirri ábyrgð sem á henni hvílir í samfélaginu”. Í Barnaverndarlögum nr. 80/2002 er kveðið á um rétt barna til verndar og umönnunar og að þau skuli njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska. Hagsmunir barna skulu ávallt hafðir í fyrirrúmi í starfsemi barnaverndaryfirvalda en með börnum er átt við einstaklinga undir 18 ára aldri.

Hlutverk Barnaverndarþjónustu er að stuðla að því að öll börn hafi jöfn tækifæri til að blómstra og láta drauma sína rætast. Í því felst að veita börnum og fjölskyldum þeirra viðeigandi stuðning til að nýta styrkleika sína. Áhersla er lögð á að veita barnvæna þjónustu með því að virða, vernda og framfylgja réttindum hvers barns ásamt því að veita þeim viðeigandi þjónustu, umönnun, þátttöku og vernd. Auk þess að gefa börnunum tækifæri á að tjá skoðanir sínar miðað við aldur þeirra og þroska og taka þátt í þeim ákvörðunum er varðar líf þeirra. Framtíðarsýnin er að þjónusta við börn í Vestmannaeyjum einkennist af samvinnu allra aðila um forvarnir og snemmtæka þjónustu á vettvangi barna með hagsmuni þeirra að leiðarljósi. Í forvarnarstefnu Vestmannaeyjabæjar er eftirfarandi haft að leiðarljósi: “Að öllum börnum og ungmennum séu skapaðar uppeldisaðstæður og umhverfi sem býður upp á heilbrigðan lífsstíl og skapar þeim lífshamingju sem einkennist af virðingu, umhyggju, samstöðu og samkennd.

Fjölskyldan er hornsteinninn samfélagsins og uppspretta lífsgilda og því brýnt að styrkja og efla hlutverk hennar” Í skóla- og æskulýðsstefnu Vestmannaeyjabæjar segir m.a.:

“Tilgangur skóla- og æskulýðsstefnu er að samhæfa áherslur og renna styrkari stoðum undir skóla- og æskulýðsstarf í bæjarfélaginu svo börn og unglingar fái notið bestu uppeldisskilyrða og menntunar og þau mótist sem ánægðir, ábyrgir og virkir þjóðfélagsþegnar.”

Stefna sveitarfélagsins er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Lögð er áhersla á að skapa börnum góð þroska- og uppeldisskilyrði í skóla- og frístundastarfi og styðja þau í daglegum verkefnum með það að markmiði að styrkja sjálfsmynd þeirra og efla félagsfærni.

Forsjáráðilum stendur til boða stuðningur, ráðgjöf og fræðsla um foreldrahlutverkið og

uppeldi. Komi fram vísbendingar um vanda barns skal brugðist við hratt og örugglega í góðri samvinnu þeirra þjónustukerfa sem að málum þurfa að koma. Með hliðsjón af gildandi lögum, stefnum og ríkjandi áherslum er það því stefna bæjarfélagsins í barnaverndarstarfi að hlúa að fjölskyldunni sem grunneiningu samfélagsins, styðja hana í hlutverki sínu og veita börnum bæjarfélagsins nauðsynlega vernd og umönnun. Sérstaklega skal gæta að málefnum barna sem hafa ekki íslensku að móðurmáli og fatlaðra og langveikra barna til að koma í veg fyrir aukinn vanda þessara hópa barna og fjölskyldna þeirra.

Markmiðið er að öll börn í Vestmannaeyjum njóti umönnunar, verndar og öryggis og fái tækifæri til þroska, virkni og lífshamingju.

Leiðir að markmiðum

Almennar aðgerðir í þágu barna í samfélaginu

Þessar aðgerðir beinast að því að efla fjölskyldur í hlutverki sínu, styrkja og bæta almannan aðbúnað barna og að þær áherslur sem ríkjandi eru á öllum sviðum samfélagsins séu fjölskyldu- og barnvænar. Þessar aðgerðir tengjast mjög forvarnavinnu bæjarfélagsins og samstarfi við lykilstofnanir s.s. skólastofnanir, heilbrigðisstofnanir, löggæslu og önnur starfssvið bæjarins. Áhersla í þessum flokki er á samvinnu, fræðslu, kynningarstarf og hvers kyns forvarnir.

Dæmi um aðgerðir:

Uppeldisnámskeið og foreldrafræðsla

Starfsmenn fjölskyldu- og fræðslusviðs búa yfir víðtækri þekkingu á foreldrafræðslu og eru viðurkenndir leiðbeinendur fyrir ýmis foreldrafræðslunámskeið. Lögð verður áhersla á skipulega foreldrafræðslu í samvinnu við fræðslustofnanir.

Hver: Starfsmenn fjölskyldu- og fræðslusviðs

Hvað: Boðið verður upp á almenn foreldrafræðslunámskeið og markvissa meðferðarvinnu fyrir ákveðna markhópa. Markmiðið er að efla foreldra í hlutverki sínu.

Hvenær: Yfir vetrarmánuðina, við upphaf leikskólagöngu barns fyrir foreldra leikskólabarna.

Fræðsla um starf barnaverndar og tilkynningarskylduna

Markvisst skal staðið að fræðslu um barnavernd til stofnanna er vinna með börnum í sveitarfélaginu. Gott og öflugt samstarf hefur verið við leik-, grunn- og framhaldsskóla í sveitarfélaginu. Einnig skal kynna barnavernd og fjölskylduþjónustu til almennings með fræðslu sem og umfjöllun á heimasíðu eða öðrum miðlum sveitarfélagsins.

Hver: Deildarstjóri velferðarþjónustu

Hvað: Áhersla á aukna kynningu og umfjöllun um barnavernd og þjónustu sviðsins.

Markmiðið er að skapa jákvæða umræðu um barnavernd í víðtækri merkingu sem og kynna þjónustu Vestmannaeyjabæjar við börn og barnafjölskyldur.

Hvenær: Á sameiginlegum starfsdögum í ágúst mánuði er skóli hefst fyrir starfsfólk leik og grunnskóla. Fyrir almenning reglulega yfir árið.

Markviss fræðsla til barnaverndarstarfsmanna

Starfsmenn barnaverndarnefndar skulu hvattir til að sækja sér fræðslu og endurmenntun og miðla þeirri fræðslu til annarra starfsmanna. Stefnt skal m.a. að því að hver starfsmaður sækir sér fræðslu a.m.k. einu sinni á árinu, fræðsla í sveitarfélaginu fyrir starfsmenn sem og í gegnum fjarfundabúnað.

Hver: Starfsmenn fjölskyldu- og fræðsluvið skv. samkomulagi við sviðstjóra

Hvað: Markviss og skipulögð fræðsla til allra barnaverndarstarfsmanna

Hvenær: Að lágmarki ein fræðsluferð á ári fyrir hvern starfsmann, auk annarrar skipulagðar fræðslu

Samstarf við stofnanir og aðila sem vinna með börnum

Gott samstarf hefur verið við þær stofnanir sem vinna með börnum, einnig ýmis félagasamtök. Reglulegir samstarfsfundir eru þar sem barnaverndarþjónustan er hluti af teymi, má þar nefna nemendavernd, ráðgjafateymi, málstjorateymi, Fjölskylduteymi, forvarnarteymi, samstarfsfundir með lögreglu, Aðgerðir gegn ofbeldi o.fl. Einnig er stefnt á að efla samstarf við félagasamtök eins og ÍBV, leikfélagið ofl.

Hver: Starfsmenn fjölskyldu- og fræðsluviðs

Hvað: Markvisst samstarf við félagasamtök og stofnanir sem vinna með börnum.

Hvenær: *Allan ársins hring.*

Samstarf við lögregluna í Vestmannaeyjum

Reglubundnir samstarfsfundir eru haldnir með starfsmönnum barnaverndar annars vegar og fulltrúa lögreglustjóra og lögreglunnar hins vegar. Markmiðið með samstarfsfundunum er að ræða sameiginleg málefni, áhersluatriði, forvarnavinnu og vinnuferli sameiginlegra mála.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi samstarfi á þessu sviði sem hefur gefist mjög vel og skilað sér í markvissri vinnu með börn og ungmenni sem lögreglan þarf að hafa afskipti af.

Sameiginlega fræðsla starfsmanna barnaverndarþjónustu og samfélagslögreglu til leik- og grunnskólabarna.

Hver: *Starfsmenn barnaverndarnefndar og fulltrúar lögreglustjóra/lögreglunnar.*

Hvað: *Mánaðarlegir samstarfsfundir.*

Hvenær: *Árið um kring.*

Sértækari aðgerðir og forvarnir

Þessar aðgerðir beinast að því að efla stöðu tiltekinna hópa barna sem að öðrum kosti standa höllum fæti. Þetta er gert með sérstökum áherslum í samvinnu, fræðslu og athugunum á stöðu þessara barna og fyrirbyggjandi vinnu með fjölskyldum þeirra.

Dæmi um aðgerðir

- Fjölskylduteymi, samstarfsteymi fjölskyldu og fræðslusviðs, Grunnskóla Vestmannaeyja, Heilbrigðisstofunar Suðurlands og Barna- og unglingageðdeild
- Aðgerðir gegn ofbeldi, samstarfsverkefni Fjölskyldu og fræðslusviðs Vestmannaeyja, lögreglu, sýslumanns, Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum, Íþróttabandalags Vestmannaeyja og ÍBV íþróttafélags

Börn sem búa við ýmsa erfiðleika

Leggja þarf áherslu á að styðja börn sem eiga við ýmsa tilfinningalega eða félagslega erfiðleika að etja án þess að mál þeirra flokkist undir barnaverndarmál. Sem dæmi má nefna félagslega einangrun, gerendur og þolendur í eineltismálum, börn sem stunda hvorki íþróttir né aðrar tómstundir, eiga við að stríða kvíðaraskanir, tölvufíkn og sértæka námserfiðleika eða hegðunarerfiðleika sem bitna á vellíðan þeirra í skóla og tómstundum. Samþætting

þjónustu í þágu farsældar barna hefur mætt þessum hópi vel. Gott samstarf er á milli málstjóra barnaverndarþjónustu og annarra málstjóra. Halda þarf áfram að byggja upp gott farældarstarf í sveitarfélaginu. Sérstaklega verður leitað eftir aukinni samvinnu við hin ýmsu félagasamtök, ekki síst vegna barna sem ekki finna sig í hefðbundnu íþróttastarfi. Leitað verður eftir samstarfi við íþrótta- og æskulýðsfélög, heilbrigðisyfirvöld og fleiri stofnanir um samstarf til að samþætta þjónustu og einfalda greiningu, meðferð og eftirfylgd mála.

Hver: Starfsmenn fjölskyldu- og fræðsluviðs, aðkeypt þjónusta og samstarf við tengdar stofnanir og félagasamtök.

Hvað: Boðið upp á fræðslu og meðferðarleiðir til að draga úr og bæta þann vanda sem skapast hjá börnum sem eiga við ýmsa félagslega og tilfinningalega erfiðleika að stríða. Mikilvægt að barn sem glímir við erfiðleika fái tengilið eða málstjóra sér til stuðnings í gegnum samþætta þjónustu.

Hvenær: allan ársins hring

Úrræði vegna bráðatilfella

Í 84. gr. barnaverndarlaga segir: „Heimili og önnur úrræði sem barnaverndarþjónustur skulu hafa tiltæk. Barnaverndarþjónusta, ein eða fleiri saman, skulu hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila, sambýla eða á annan hátt til að: a. veita börnum móttöku, þar með talið í bráðatilvikum, til að tryggja öryggi þeirra, greina vanda eða til könnunar á aðstæðum þeirra, svo sem vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, b. veita börnum móttöku vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna eða sérstakra þarfa barna, svo sem í kjölfar meðferðar. Barnaverndarnefnd getur falið öðrum aðilum rekstur heimila skv. 1. mgr. á grundvelli þjónustusamnings“. Gerður hefur verið samningur við einstaklinga/heimili sem sinna þessu úrræði fyrir barnaverndarþjónustu Vestmannaeyja

Hver: Starfsmenn fjölskyldu- og fræðsluviðs, fjölskyldu- og tómstundaráð

Hvað: Gera tillögur að úrræði skv. 84. gr. bvl vegna vistunar barna í bráðatilvikum

Hvenær: þarf að vera til staðar allan ársins hring

Innleiðing Signs of Safety

Stefnt er að innleiða Signs of safety á landsvísu í barnavernd og félagsþjónustu samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkisinsins 2023-2027. Formleg innleiðing mun hefjast árið 2025 með

námsleiðum og handleiðslu en Barna- og fjölskyldustofa sjá um innleiðinguna. Um er að ræða styrkleikamiðuð nálgun sem leggur áherslu á samvinnu við fjölskyldur, er lausnamiðuð frekar en refsimiðuð, viðurkennir styrkleika og verndandi þætti og byggir á gagnsæi, trausti og skýrum samtalsramma.

Hver: Starfsmenn barnaverndarþjónustu í samvinnu við Barna- og fjölskyldustofu.

Hvað: Innleiðing og þjálfun starfsmanna við Signs of safety

Hvenær: Hefst 2025

Bakvaktir og samstarf við 112.

Starfsmenn barnaverndar skipta með sér bakvöktum sem rúlla viku í senn. Þá er starfsmaður til taks ef þörf er á, allan sólarhringinn utan hefðbundins opnunartíma skrifstofu. Samstarf er við lögreglu og neyðarlínuna 112 vegna barnaverndartilkynninga. Hlutverk neyðarlínunnar er að taka við tilkynningum og auðvelda aðgang að barnavernd á öllum stundum sólarhringsins. Búa þarf til verklag í kringum bakvaktir, þá vinnslu og skráningar.

Hver: Starfsmenn fjölskyldu- og fræðsluviðs

Hvað: Verklag er varðar vinnslu mála og skráningar á bakvakt

Hvenær: Endurskoðun 2026

Samstarf við utanaðkomandi stofnanir og sérfræðinga

Samstarf við utanaðkomandi stofnanir og sérfræðinga hefur verið valkostur í sumum barnaverndarmálum. Má þar nefna fjölskylduráðgjafa, geðlækna og sálfræðinga á fastalandinu. Í sumum tilvikum krefst vinnsla mála þess að leitað sé til sjálfstætt starfandi og óháðra sérfræðinga, s.s. við vinnslu foreldrahæfnismats, þegar þörf er á lögfræðiráðgjöf og þegar sérhæfðari þjónustu er krafist. Talsvert aukinn kostnaður hefur verið vegna ofangreindrar þjónustu og rétt að gert sé mat á og áætlun um að hve miklu marki þurfi að leita þessara úrræða, hvernig gera skuli ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlun og hvort marka beri stefnu t.d. varðandi lögfræðiráðgjöf í barnaverndarmálum.

Hver: Sviðsstjóri og aðrir starfsmenn barnaverndarþjónustu

Hvað: Greina þörf fyrir og gera áætlun um notkun sérfræðiúrræða í barnavernd og skoða sérstaklega lögfræðiráðgjöf, notkun talsmanna í barnaverndarmálum ofl. þætti.

Hvenær: Endurskoðað 2026

1. Endurskoðun vinnureglna og verkferla

Nauðsynlegt er að endurskoða vinnureglur og verkferla reglubundið og athuga hvort og hvernig þær þjóna best tilgangi sínum. Stefnt skal að heildarendurskoðun reglnanna á kjörtímabilinu.

Hver: Starfsmenn barnaverndar

Hvað: Fara reglubundið yfir vinnureglur og verkferla til að mæta breyttum forsendum í barnavernd og til að bæta starfsemi barnaverndar.

Hvenær: Árlega

Innra starf barnaverndarþjónustu Vestmannaeyja

Mikilvægt er að þeir starfsmenn sem starfa við barnavernd hafi viðeigandi menntun og færni í barnaverndarstarfi og fái ráðgjöf og svigrúm til endurmenntunar. Auk þess þarf að fylgjast með álagi í barnaverndarstarfi og starfsmannapörf hverju sinni. Áfram verður unnið að endurskoðun og uppfærslum á gæðaviðmiðum og verkferlum í starfinu.

Dæmi um aðgerðir:

- Uppfæra gæðahandbók
- Yfirfara og endurskoða verkferla með það markmið að einfalda þá og auka skilvirkni.
- Áhersla lögð á forgangsriðun í þágu þjónustu og beinni vinnu með börn og foreldra þar sem hagsmunir barnsins eru að leiðarljósi
- Efla uppeldisfræðslu til foreldra og stuðning heim, t.d. í formi tilsjónar eða ráðgjafar
- Þekking og endurmenntun starfsmanna á þörfum einstakra hópa s.s. fólk með fötlun eða af erlendum uppruna verður aukin
- Aukin áhersla verður lögð á teymisvinnu með aðilum í nærsamfélagi barns og fjölskyldu
- Halda áfram að þróa og byggja upp verkfærakistu fyrir starfsmenn og aðgengi að úrræðum
- Halda vel utan um starfsmenn barnaverndar með tilliti til álags og tryggja aðgengi að handleiðslu. Einnig þá starfsmenn er sinna einstökum verkefnum fyrir

barnavernarþjónustu sveitarfélagsins eins og tilsjónaraðilar, stuðningsfjölskyldur og persónulegir ráðgjafar.

- Viðhalda góðu samstarfi og fræðslu til stofnanna og félaga sem vinna með börnum
- Tryggja þarf öryggi starfsmanna með þar til gerðum leiðum á starfstöð eins og myndavél og aðgengi að öryggishnappi
- Mælaborð sem greinir álag og fjölda mála á starfsmenn, veitir einnig upplýsingar um fjölda, stöðu og þyngd mála og veitir því stjórnanda betri yfirsýn á stöðu barnaverndarþjónustunnar.

Sambætt þjónustu í þágu farsældar barna

Farsæld: Aðstæður sem skapa barni skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðislegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar.

Tekið hafa gildi lög sem styðja við farsæld barna. Þau eiga að sjá til þess að börn og foreldrar hafi greiðan aðgang að þeirri þjónustu sem þau þurfa og að þau fái rétta aðstoð á réttum tíma, frá réttum aðilum. Með því að tengja þjónustuna saman og vinna í sameiningu að farsæld barna verður auðveldara fyrir börn og foreldra að fá aðstoð við hæfi.

Tilgangur löggjafarinnar er að börn og fjölskyldur falli ekki á milli kerfa og séu ekki send á milli þjónustuaðila innan sveitarfélaga og ríkisstofnana. Börn eiga rétt á að segja sína skoðun um þau málefni sem hafa áhrif á líf þeirra og þau sem veita þjónustu eiga að taka tillit til skoðana barna í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Öll börn eiga rétt á að fá þá þjónustu sem þau þurfa þegar á þarf að halda. Það getur verið flókið að fá aðstoð við hæfi og vita hvert eigi að leita eftir henni. Markmiðið með farsældarlögunum er að bæta enn frekar þjónustu við börn og fjölskyldur svo þau fái notið þeirrar aðstoðar sem þau eiga rétt á um leið og þess gerist þörf.

Vestmannaeyjabær var eitt af frumkvöðlasveitarfélögum á landinu við innleiðingu laganna. Deildarstjóri velferðarþjónustu og deildarstjóri uppeldis- og fræðslumála sáu um innleiðingu á lögunum og þjónustunni í sveitarfélaginu. Í því fólst að kynna lögin og þjónustuna fyrir kjörnum fulltrúum og öllum stofnunum og hagsmunaaðilum sem vinna með börnum. Þróa og innleiða verklag þannig að þjónustan væri sem skilvirkust og best bæði fyrir þjónustuþega og starfsmenn. Innleiðingin gekk almennt vel í sveitarfélaginu.

Staðan í dag

Staðan í dag í sveitarfélaginu er þannig börn og foreldrar hafa greiðan aðgang að tengilið, hvort sem það er í heilsugæslu, skóla, leikskóla eða félagsþjónustu. Þar geta þau fengið aðstoð við að sækja viðeigandi þjónustu, án hindrana, á öllum þjónustu-stigum. Í flóknari málum hafa börn og foreldrar aðgang að málstjóra hjá félagsþjónustu eða þar sem þarfir barns liggja hverju sinni. Engin bið er á eftir þjónustunni en málum er úthlutað um leið og þau berast. Haldið er utan um ítarlegar skráningar á málum í samþættri þjónustu þannig stjórnendur eru með góða yfirsýn. Það er gott samstarf á milli kerfa og stofnanna í sveitarfélaginu. Mikilvægt er að viðhalda vinnunni áfram, breyta og bæta eftir þörfum með reglulegri kynningu og fræðslu á þjónustunni.

Starfsfólki sem vinnur með og fyrir börn ber að vinna saman að farsæld þeirra. Starfsfólk leik-, grunn- og framhaldsskóla, félagsþjónustu, íþróttar, tómstunda eða heilbrigðisþjónustu hefur fengið aukna ábyrgð sem felur í sér að koma auga á aðstæður barna og bregðast við strax og þörf er á. Hér er um að ræða boð um samþættingu þjónustu fyrir foreldra og börn sé þess óskað. Samþætting kemur ekki í veg fyrir að foreldrar sækji sjálfir þjónustu fyrir börn sín.

Útgangspunkturinn í öllu sem gert er á að vera út frá barninu og hagsmunum þess.

Í kjölfar laga um samþætta þjónustu urðu einnig breytingar á barnaverndarlögunum þar sem farsæld barna er fléttað inn í og á að vera samfella á milli samþættrar þjónustu og barnaverndar. Barnaverndarþjónustan hefur nýtt sér samþætta þjónustu í samvinnu við foreldra til að viðhalda árangri sem hefur náðst í gegnum meðferðaráætlun barnaverndar. T.d þegar máli er lokað hjá barnaverndarþjónustu er áfram vinnsla hjá barni og fjölskyldu þess þar sem tengiliður eða málstjóri veitir áframhaldandi stuðning eða ráðgjöf við fjölskylduna. Gott samstarf er á milli málstjóra barnaverndar og málstjóra fræðsluskrifstofu.

Dæmi um aðgerðir:

- Yfirfara verklag í farsæld
- Yfirfara verklag barnaverndar er varðar lagagreinar um samþætta þjónustu
- Halda reglulega fræðslu um samþætta þjónustu fyrir stofnanir og hagsmunasamtök er starfa með börnum
- Efla 1. stigs þjónustuna í leik- og grunnskóla
- Styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu
- Efla forvarnarstarf í sveitarfélaginu

Áætlun þessi var samþykkt í fjölskyldu- og tómstundaráði þann 17. febrúar 2026 og í bæjarstjórn Vestmannaeyja þann 25. febrúar 2026.